

Miðvikudaginn 28. maí 1958.

Nr. 5/1957. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)  
 gegn  
**Má Sveinssyni** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

Dómendur: .....  
 hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,  
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds  
 borgardómari.

Tilraun til nauðgunar. Bifreiðalaga- og áfengislagabrot.

### Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Voru þá m. a. heitfest vitni, sem áður höfðu borið vætti í málinu, en ekki staðfest framburð sinn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að ákærði skal sviptur ævilangt rétti til að aka bifreið.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa var ekki rekin með nægilegri röksemd í héraði, og sérstaklega er það aðfinnsluvert, að ekki var hlutazt til um, að nægilega ýtarleg læknisskoðun færi fram á X, þegar eftir að lögreglumenn höfðu tekið skýrslu af henni og ákærða hinn 29. október 1955.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að ákærði, Már Sveinsson, er sviptur ævilangt rétti til að aka bifreið.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Jóns N. Sigurðssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 5000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. október 1956.**

Ár 1956, þriðjudaginn 30. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4253/1956: Ákærvaldið gegn Má Sveinssyni, sem tekið var til dóms 17. þ. m.

Með ákæruskjali, útgefnu 1. febrúar s.l., er Már Sveinsson verkamaður, Laugarnesvegi 81, ákærður fyrir nauðgunartilraun samkvæmt 1. mgr. 194. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ölvun við akstur samkvæmt 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breyting á bifreiðalögum, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Þykir ákærði hafa brotið téð ákvæði, með því að aka bifreið sinni með áfengisáhrifum aðfaranótt laugardagsins 29. október s.l. frá Vetrargarðinum upp á Vatnsendahæð og reyna þar í bifreiðinni að hafa holdlegt samræði við X gegn vilja hennar.

Til vara er mál þetta höfðað gegn ákærða, að því er árás hans á X varðar, fyrir að hafa slegið hana í andlitið og tekið fyrir kverkar henni umrætt sinn, en það telst varða við 217. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt; a) að ákærði verði dæmdur til refsingar, b) að hann verði sviptur kosningarétti og kjörgengi samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, c) að hann verði sviptur ökuleyfi samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, d) að hann verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, og e) að hann verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 16. nóvember 1933, hefur áður sætt þessum ákærum og refsingum:

- 1949 10/6 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun á almennafæri.  
 — 11/7 Reykjavík. Áminning fyrir rangstefnuakstur á reiðhjóli.  
 — 22/9 Reykjavík. Áminning fyrir akstur á bifhjóli án réttinda.  
 1950 20/9 Reykjavík. Uppvís að ólöglegri töku gluggatjalda. Málssókn felld niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 21.10. 1950.  
 — 23/10 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.  
 1952 29/3 Reykjavík. Dómur: 2 mánaða fangelsi, 8781 kr. í skaðabætur fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga.

- 29/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
- 28/7 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 29. gr. og 30. gr. lögreglusamþykktarinnar.
- 1955 1/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 30. og 34. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 29. október f. á., kl. 4.05, var lög-reglunni símleiðis gert aðvart um það frá Stuttbylgjustöðinni á Vatnsendahæð, að þangað væri komin stúlka, illa til reika, er teldi sig hafa orðið fyrir árás af hálfu leigubifreiðarstjóra. Lög-reglumenn fóru á staðinn. Var þar fyrir umrædd stúlka, X, (f. 9. okt. 1934). Skýrði hún lögregluþjónunum frá því, að leigubifreiðarstjóri hefði gert tilraun til að nauðga sér í bifreið sinni þar í grenndinni, en sér tekizt að sleppa út úr bifreiðinni og flýja frá honum. Ekki kvaðst hún hafa þekkt öikumanninn. Lög-regluþjónarnir fluttu X heim til sín.

Daginn eftir kom maður heim til kunningjafólks X og hafði með sér kápu hennar, tösku og skó, er orðið höfðu eftir í um-ræddri bifreið. Upplýsti maður þess, að hann væri bróðir þess, er ekið hefði bifreiðinni kvöldið áður, og héti sá maður Már Sveinsson.

Vitnið X lýsir atvikum svo, að hún hafi föstudagskvöldið 28. október verið á dansleik í Vetrargarðinum (Tívoli). Í fylgd með henni hafi verið vinkona hennar, Vígdögg Björgvinsdóttir hjúkr-unarnemi, Kristján Pétursson og Sæmundur Sveinsson, báðir til heimilis í Tjarnargötu 10 B.

Um kl. 1 hefði hún hugsað til brottfarar. Hún hafi farið og náð í kápu sína og Vígdögg einnig. Karlmennirnir hafi orðið eitthvað seinni. Þá hafi ákærði orðið á vegi hennar. Hún kveðst hafa verið búinn að dansa við hann eina eða tvær dansasyrpur á ballinu. Að öðru leyti hafi hann verið henni með öllu ókunnur. Hann hafi boðið henni að koma í bifreið sína. Bifreiðin hafi verið þarna fyrir utan, og kveðst hún hafa séð, að stöðvarmerki var á henni. Hún hafi því sett inn í framsætið hjá ákærða og ætlað sér að bíða eftir samferðafólkinu. Nokkru áður en dans-leiknum lauk, hafði X hringt til kunningja síns, Y, og höfðu þau ákveðið að hittast þarna fyrir utan. Er mætt var sett inn í bifreið ákærða, bar Y þar að. Kveðst X hafa sagt Y að koma í bifreiðina, en hann þá farið til þess að borga leigubifreið, er hann hafði komið í. Þá hafi ákærði ekið af stað umsvifalaust. Hún kveðst hafa beðið hann að bíða, en hann ekki sinnt því.

Hafi hann síðan ekið áfram, án þess að sinna fortölum hennar, og ekki stanzað, fyrr en komið var eitthvað út fyrir bæinn, en ekki kveðst hún hafa gert sér grein fyrir, hvert þau fóru.

X segir, að eftir að ákærði hafi stöðvað bifreiðina, hafi hann strax tekið að leita á hana. Hún kveðst hafa tekið þessu fjarri og reynt að losna við ákærða, en hann hafi espazt upp og tekið að beita hana ofbeldi. Hún kveðst hafa streitst á móti og hafi nú komið til harðra sviptinga milli þeirra. Leikurinn hafi nú borizt í aftursætið. Telur hún, að það hafi gerzt með þeim hætti, að ákærði hafi farið yfir sætisbakið og tekið sig þar yfir á eftir. Fullyrðir hún, að hvorugt hafi farið út úr bifreiðinni á leið milli sætanna. Þarna hafi ákærði lagt hana niður í sætið og reynt að þröngva henni til samfara, en hún barizt á móti eftir megni. Ákærði hafi tekið fyrir kverkar henni og slegið hana í andlitið og reynt að fletta upp um hana. Hann hafi hótað henni öllu illu, ef hún léti eigi undan honum. X kveðst hafa reynt með öllu móti að telja ákærða hughvarf og í því skyni sagt honum m. a., að hún væri gift og ætti börn, þótt hvorugt væri rétt. Ákærði hafi ekki látið sér segjast. Loks kveðst X hafa komizt út úr bifreiðinni með einhverjum hætti, en kveðst eiga mjög erfitt með að gera sér grein fyrir þessu í smáatriðum. Þó muni hún að henni hafi tekizt að grípa í hurðarhúnninn og opna og sleppa út. Hún hafi hlaupið út í náttmyrkrið og falið sig fyrst í skurði og ekki látið á sér bæra. Hún kveðst hafa heyrt ákærða kalla nokkrum sinnum til hennar, en hún hafi ekki anzað, og loks hafi ákærði ekið á burt. Henni hafi þó heyrzt, að bifreiðin væri stöðvuð brátt aftur. Hún hafi því ekki þorað upp á veginn aftur, heldur læðzt burt í áttina að ljósum, er hún hafi greint í fjarska. Hélt hún yfir vegleysur í, að hún telur, ½ klst. Kom hún þá að Stuttbylgjustöðinni og knúði dyra.

Vitnið X hefur frá því, er hún í upphafi máls þessa skýrði rannsóknarlögreglu frá atvikum, haldið fast við framburð sinn í öllum meginatriðum.

Ákærði skýrði frá atvikum mjög á annan hátt en X. Hann kveðst hafa verið á umræddum dansleik og hafa verið eitthvað við skál. Hann hafi dansað við X, en hana þekkti hann ekkert áður. Segir hann, að X hafi verið mjög ástleitinn við sig í dansinum, jafnvel áleitinn svo, að honum hafi þótt nóg um. Hann kveðst hafa mælt til þess að þau yrðu samferða af dansleiknum og hún tekið vel í það. Þegar kl. var að verða 1, kveðst ákærði hafa hitt hana aftur og spurt hana, hvort hún væri ekki

að koma. Hafi nú játað því, farið í kápuna og fylgzt út með honum. Hún hafi áður kvatt vinstúlku sína, er verið hafi með henni frammi í fatageymslu, en vinstúlkan hafi virzt hafa á móti því, að Ingibjörg færi með ákærða. Bifreið sú, er mættur var með, stóð skammt frá útgöngudyrum. Var þetta 6 manna fólksbifreið, merkt stöðvarmerki Bæjarleiða, en þar ók ákærði stundum sem leigubílstjóri. Nú kveður ákærði þau hafa sett inn í framsæti bifreiðarinnar. Ekkert hafi verið á það minnzt, að samferðafólk kæmi með þeim. Hafi nú komið einhver maður að bifreiðinni og kallað með nafni til X og sagt, að hann væri með bíl. Kveðst ákærði hafa sagt við manninn, hvort hann þyrfti tvo bíla, og hvort hann vildi ekki fara og borga hinn bílinn. Er maðurinn hafi farið burt, kveðst hann hafa stungið upp á því við X, að þau styngju manninn af, og hafi hún fallizt á það. Hafi hann síðan ekið af stað og fyrst upp á Smáragötu. Þar hafi hann numið staðar. Hann kveðst nú hafa kysst X, og hafi hún tekið vægast sagt vel og hressilega á móti. Kveðst hann hafa ályktað, að hún mundi tilleiðanleg til kynferðilegra maka og ákveðið að fara á afvikinn stað og ekið upp að Vatnsenda. Hafi X haft við orð, af hverju hann færi svona langt, en ekki hreyft neinum mótmælum. Hann hafi síðan stöðvað bifreiðina og snúið sér að X. Hafi þau látið vel hvort að öðru um stund og hafi X tekið vel ástarhótum hans. Síðan hafi þau fengið sér sígarettu og setið í framsæti, meðan þau reyktu, en síðan kveðst ákærði hafa mælt til þess, að þau færðu sig í aftursætið. Ekki hafi staðið á X. Þau hafi farið út úr bifreiðinni hvort sín megin, og síðan inn í aftursætið. Þá hafi þau um stund látið vel hvort að öðru, en síðan hafi þau haft samfarir í sætinu með fullu samþykki X. En ákærði segir, að sér hafi orðið sáðfall þegar í byrjun samfaranna. Ákærði kveðst hafa tekið fötin upp um X, áður en samfarirnar fóru fram, en eigi hafi hann þurft að færa hana úr buxunum, með því að buxur hennar hafi verið svo víðar. Hann segir, að eftir samfarirnar hafi X sagt, að hún mætti þetta ekki, hún væri gift og tveggja barna móðir. Þau hafi nú enn verið þarna um stund í sætinu og vel farið á með þeim. Nú kveðst ákærði hafa fengið löngun til samfara af nýju og í fyrstu hafi ekkert virzt því til fyrirstöðu. Hann hafi verið búinn að leggja hana niður í sætið og verið í þann veginn að byrja samfarirnar, er X hafi skyndilega æstst upp, brotizt um, rifið í hár hans og klórað hann í andlitið, og jafnframt sagt: „Hættu, ég má þetta ekki,“ eða eitthvað á þá leið. Segir ákærði,

að nú hafi fokið í sig og hafi hann tekið um kverkar henni og haldið henni niðri í sætinu og jafnframt hafi hann slegið hana „sinn undir hvorn“. Hann kveðst hafa sleppt X, sem verið hafi mjög æst. Hún hafi skipað honum að aka strax í bæinn, en ákærði kvaðst ekki hafa viljað það og verið að reyna að stilla hana, en hún hafi þá stokkið út úr bifreiðinni og horfið. Kápa hennar, taska og skór urðu eftir í bifreiðinni. Ákærði kveðst nú hafa leitað stúlkunnar, en ekki fundið hana. Síðan kveðst hann hafa ekið nokkuð þarna um í bifreiðinni, og er hann hafi verið að snúa henni við, hafi hann fezt hana í mel og ekki náð henni upp aftur. Fór hann til Reykjavíkur og fékk bíl til að ná upp bifreið sinni.

Hefur ákærði með öllu neitað því, að hann hafi reynt að taka X nauðuga og haldið fast við þá frásögn, er að framan er rakin.

Samkvæmt því ber margt á milli í meginatriðum í framburðum ákærða og X. Hún segir, að ákærði hafi ekið burt frá Tívoli án samráðs við sig og ekið áfram þrátt fyrir mótmæli hennar. Hann hafi aldrei numið staðar á Smáragötu. Loks hafi hún aldrei sýnt honum neitt tillæti, eftir að komið var á leiðarenda, hvað þá að hún hafi leyft honum samfarir, eins og hann heldur fram.

Engir sjónarvottar voru að atburðum þeim, sem eru þungamiðja máls þessa, en nokkur vitni hafa borið um atriði, er varða málið, og verða vætti þeirra nú rakin.

Vitnið Vígdögg Björgvinsdóttir, 22 ára, var með X á dansleiknum. Hún segir, að þær hafi tvær orðið samferða fram í fatageymslu, er dansleiknum var að ljúka, og hafi ákærði þá orðið á vegi þeirra og boðizt til að aka þeim heim, en þær hafi engu svarað. Þær hafi svo náð í kápur sínar. Kveðst Vígdögg hafa séð, að X fór út ein saman, en sjálf hafi hún farið inn að ná í karlmennina, er með þeim voru og höfðu eitthvað tafizt inni, enda hafi ætlunin verið sú, að þau yrðu öll samferða af dansleiknum. Þegar þau hafi komið út, hafi X verið horfin.

Vitnið Kristján Pétursson segir, að undir lok dansleiksins hafi verið farið að ræða um brottför og þær X og Vígdögg hafi farið farið til að ná í kápur sínar. Vígdögg hafi svo komið inn aftur og þeir Sæmundur orðið henni samferða út. Þá hafi X verið farin og hafi þeim öllum komið það á óvart.

Vitnið Y segir, að Ingibjörg hafi hringt til sín um kl. hálf eitt, en þau X séu kunnug. Þau hafi þá mælt sér mót utan við Vetrargarðinn þá þegar á eftir. Hann kveðst hafa náð sér í leigubíl og ekið suður eftir. Hann hafi komið þar auga á X, sem setið

hafi inni í framsæti leigubifreiðar, og maður hjá henni undir stýrinu. Hann kveðst hafa sett inn í bifreiðina til X og spurt hana, hvort hún væri ekki að koma, hann væri með bíl. X hafi þá svarað eitthvað á þá leið, að hún væri þegar búin að ná þarna í bíl. Kveðst Y hafa tekið það svo, að hún væri þarna í leigubíl og farið burt til að skila bíl þeim, er hann hafði komið í, en er hann hafi komið aftur, hafi billinn, sem X sat í, verið allur á burt.

Vitnið Þóra Ingibjörg Gísladóttir húsfreyja, Stuttbylgjustöðinni við Vatnsenda, 49 ára að aldri, greinir svo frá atvikum, að hún hafi verið á fótum þessa nótt og um kl. hálf fjögur hafi verið barið í glugga á svefnherbergi hennar. Jafnframt kveðst hún hafa heyrt grát utan við húsið. Hún kveðst hafa opnað útidyrnar og hafi stúlka þá fallið inn úr dyrunum. Stúlkan hafi verið í uppnámi, grátandi og ekki mátt mæla fyrst í stað, en eftir drjúga stund, ca. hálf tíma, hafi hún verið búin að ná sér svo, að hún hafi getað skýrt frá því, sem gerzt hafði. Þóra kveður X hafa verið kápu- og skólausa. Hún hafi verið rispuð á fótum og blóðblettir á andliti hennar, en eftir að búið hafi verið að þvo henni í framan, hafi ekki séð áverka á henni. Varalitur á henni hafi verið út fyrir varirnar og hafi þetta getað bent til þess, að hún hafi verið kysst. Þóra segir, að hún hafi sagt henni, að hún hefði verið í Tívolí, farið inn í bíl, er búið hefði verið að panta, og bílstjórinn þá þegar ekið af stað og eitthvað út fyrir bæinn. Þá hefði bílstjórinn ráðizt á hana og reynt að þröngva henni til samfara. Hún hefði varizt eftir mætti. Þessi viðureign hafi staðið yfir fram að klukkutíma, en þá hefði henni einhvern veginn heppnast að sleppa frá mannum. Þá segir Þóra, að X hafi ekki viljað fara með leigubíl til bæjarins, en fallizt á það, að lögreglan yrði kvödd til. Þóra kveðst hafa fundið vínlykt af X, en engin ölvunarmerki séð á henni.

Vitnið Gísli Guðmundsson lögregluþjónn, sem sótti X, segir, að hún hafi verið stillt og búin að jafna sig að miklu leyti, er hann kom. Hún hafi skýrt frá því, hvað gerzt hefði, eitthvað á þá leið, að hún hefði verið í Tívolí, farið út til að ná í leigubifreið og sett í framsæti hjá bílstjóra einum. Bílstjórinn hefði ekið af stað, enda þótt hún segði honum, að fleira fólk biði. Hann hefði svo ekið áfram, unz hann nam staðar, og vissi hún ekki gerla, hvar það var eða hvaða leið þau fóru. Þá hefði bílstjórinn tekið að leita mjög á hana og ætlað að nauðga henni. Henni hefði loks heppnast að sleppa frá honum.

Ingibjörg var skoðuð af lækni kl. 14 hinn 29. október að til-

hlutan rannsóknarlögreglunnar. Í vottorði læknisins, Ólafs Jónssonar, segir svo m. a.:

„Við athugun sjást marblettir á nefi upp undir nefrót, sömuleiðis eru marblettir á h. kinn og grunn rispa, ca. 1 cm. löng, fyrir neðan h. auga. Á efra augnloki h. m. er marblettur og á conjunctiva v. auga eru tveir blæðingablettir. Neðan við v. eyra er ca. tveggjakrónu stór marblettur. Á efri vör er ca. tíueyrings stórt grunnt sár.

Framan á hálsinum eru nokkrar grunnar rispur og roði í húðinni í kring, auk þess er lateralt og aftan á hálsinum h. m. smáhrúfl og rispur.

Hálsinn er allur aumur við palpation og sömuleiðis h. kinn.

Hreyfingar í hnjáliðum eru dálítið sárar.

Framan á h. hné er smá fleiður og þrír gómstórir marblettir innan á há læri, auk þess grunn rispa í húð. Medialt á v. ökla er ca. tveggjakrónu penings stór marblettur og gómstórt fleiður. Framan á v. hné eru þrír gómstórir marblettir og grunn rispa ca. 5 cm. löng innan á v. læri.

Á h. framhandlegg eru fjórir gómstórir marblettir, og h. handarbak marið ofan við matacarpo-phalangeal-liðina.

Stúlkan kvartar um eymsli á rófubeini og segist eiga bággt með að sitja. Við palpation eru smá eymsli yfir rófuliðnum.“

Ákærði skýrði svo frá í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni, að hann hefði neytt lítilsháttar af áfengi á dansleiknum og verið aðeins undir áhrifum áfengis, er hann fór þaðan. Sama segir ákærði og í fyrsta þinghaldi í máli þessu. Í þinghaldi 27. febrúar segir ákærði hins vegar, að hann hafi að vísu verið búinn að neyta áfengis og fundið til áhrifa þeirra á dansleiknum, en áhrifin hafi verið rokin, er hann hóf akstur eftir dansleikinn.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, ber mjög á milli í framburðum X og ákærða, þar sem X kveður ákærða hafa ekið með sig burt frá Vetrargarðinum gegn vilja hennar og síðan reynt að þvinga hana til samfara við sig í bifreiðinni, en ákærði heldur því fram, að Ingibjörg hafi verið fús til að koma með honum og síðan leyft honum samfarir við sig í bifreiðinni, en snúizt fyrst öndverð gegn ákærða, er hann vildi hafa samfarir við hana í annað sinn. Upplýst er, að X kallaði kunningja sinn til fundar við sig að Vetrargarðinum undir lok dansleiksins, og bendir það gegn því, að hún hafi ætlað sér að fara þaðan með ákærða. Ingibjörg kom yfirkomin af angist og mjög illa til reika frá ákærða. Verulegir áverkar komu fram á henni. Áverkana á fótleggjum kann

hún að hafa fengið á leið sinni frá bílnum að Stuttbylgjustöðinni, en auk þeirra hafði hún verulega áverka á höfði og hálsi, og verður að rekja þá til misþyrminga ákærða á henni, enda hefur ákærði játað, að hann hafi tekið fyrir kverkar henni og slegið hana utan undir. X hefur haldið mjög fast við framburð sinn og verið sjálfri sér samkvæm í frásögn. Að þessu athuguðu þykir verða að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gert tilraun til þess að þröngva henni til samræðis með ofbeldi. Hefur ákærði með því gerzt brotlegur við 1. mgr. 194. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940.

Telja verður sannað, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið bifreið með áhrifum áfengis, enda kannaðist hann afdráttarlaust við það í upphafi rannsóknar, og getur það engu um breytt, þótt ákærði hafi síðar í málinu viljað víkja nokkuð frá framburði sínum um þetta atriði. Hefur ákærði þannig brotið þau ákvæði áfengislaga, bifreiðalaga og umferðarlaga, er ákæra greinir.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði. Rétt þykir samkvæmt 3. mgr. 68. gr., að ákærði skuli sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga, 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði skuli sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 1 ár frá birtingu dóms þessa, og ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Skaðabótakrafa var ekki gerð í máli þessu.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda, héraðsdómslögmannanna Loga Einarssonar og Jóns P. Emils, kr. 1800.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærði, Már Sveinsson, sæti fangelsi 15 mánuði. Hann er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra 1 ár, og frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, héraðsdómslögmannanna Loga Einarssonar og Jóns P. Emils, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.